

REYKJAVÍKURBORG
ÁGÚST 2014

Börn og menningaruppeldi

Könnun á þátttöku barna og
unglinga í skipulögðum viðburðum
menningarstofnana
Reykjavíkurborgar

Skýrsla starfshóps
Menningar- og ferðamálasviðs
um Kynjaða fjárhags- og starfsáætlun



Menningar- og ferðamálasvið

Efnisyfirlit

1 Inngangur	3
2 Greining.....	4
2.1 Viðburðir skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	4
2.1.1 Greining viðburða eftir stofnunum – Borgarbókasafn Reykjavíkur	7
2.1.2 Greining viðburða eftir stofnunum – Listasafn Reykjavíkur	11
2.1.3 Greining viðburða eftir stofnunum – Ljósmyndasafn Reykjavíkur	12
2.1.4 Greining viðburða eftir stofnunum – Menningarmiðstöðin Gerðubergi	13
2.2 Skipulagðar heimsóknir skólabarna	14
2.2.1 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Borgarbókasafn Reykjavíkur.....	19
2.2.2 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Listasafn Reykjavíkur.....	21
2.2.3 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Ljósmyndasafn Reykjavíkur.....	22
2.2.4 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Menningamiðstöðin Gerðubergi.....	23
2.2.5 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Minjasafn Reykjavíkur	24
3 Niðurstöður og tillögur.....	25
3.1 Verkefnið.....	25
3.2 Meginniðurstöður	25
3.3 Tillögur.....	26

1 Inngangur

Starfshópi um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á Menningar- og ferðamálasviði (MOF) var falið að skoða barnamenningu og viðburði fyrir börn og fjölskyldur á menningarstofnunum Reykjavíkurborgar.

Starfshópurinn skipuðu Einar Ólafsson, Borgarbókasafni Reykjavíkur, teymisstjóri, Kristín Hauksdóttir, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Anna Friðbertsdóttir, Listasafni Reykjavíkur, Margrét Baldursdóttir, Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og Guðbrandur Benediktsson, Minjasafni Reykjavíkur, sem tók við af Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur sumarið 2013.

Margrét Baldursdóttir lét af störfum í byrjun júní 2014.

Eigandi verkefnisins er sviðsstjóri MOF (Svanhildur Konráðsdóttir).

Hópurinn vann út frá verkefnalýsingu sem var dagsett 13. maí 2013.

Markmið verkefnisins var að kortleggja þátttöku drengja og stúlkna undir 18 ára aldri í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkurborgar og leggja mat á hvort drengir og stúlkur njóti sömu þjónustu. Í framhaldi af því skyldi gera tillögur um hvernig megi jafna þann mun, sem hugsanlega kemur fram, eða viðhalda jafnræði.

Þar sem ekki lágu fyrir kyngreindar upplýsingar um þátttöku þessa hóps í viðburðum sem ætlaðir eru börnum og fjölskyldum var ákveðið að fyrsti áfangi verkefnisins yrði að afla gagna sem greining yrði byggð á. Niðurstöður greiningar skyldu liggja til grundvallar þeim verkefnum, sem ráðist yrði í, ef þær sýndu að þörf yrði á sérstökum aðgerðum til að jafna hlut drengja og stúlkna hvað snertir menningaruppeldi.

Áætlað var að gagnaöflun hæfist í júní 2013 og stæði yfir til maíloka 2014.

Í stefnumiðuðu árangursmati Menningar- og ferðamálasviðs er menningaruppeldi meðal mælikvarða og greinist annars vegar í viðburði sem skipulagðir eru fyrir börn og fjölskyldur og hins vegar skipulagðar heimsóknir skólabarna.¹ Horft var til þessarar tvískiptingar í gagnaöfluninni:

- Viðburðir skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur.
- Skipulagðar heimsóknir skólabarna.

Litið skyldi til eftirtalinna þátta:

- Fjöldi drengja og stúlkna.
- Viðvera, hve lengi stendur viðburður.
- Kostnaður stofnunar vegna viðburðar.
- Viðhorfskönnun meðal barna á völdum viðburðum.
- Skipuleggjandi viðburðar, kyn.
- Fylgdarmaður, hver kemur með barninu, kyn.

¹ Starfsáætlun Menningar- og ferðamálasviðs 2013, bls. 14 og 16 (http://innri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/svid_og_deildir/menningar_og_ferdamalasvid/Starfs_tlun_mof_2013_jan_ar_net_tg_fa.pdf).

Samkvæmt Starfsáætlun Menningar- og ferðamálasviðs 2014 var gert ráð fyrir að viðburðir, sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur yrðu 133 á árinu 2013 og 141 á árinu 2014 en fjöldi barna og unglunga í skipulögðum heimsóknum yrði 44.400 á árinu 2013 og 46.100 á árinu 2014.²

Rétt er að geta þess að mikið af viðburðum eru þess eðlis að ekki er raunhæft að gera talningu og greiningu eftir kyni og má þar t.d. nefna fjölskyldumorgna í Borgarbókasafni. Þessir viðburðir eru oft þess eðlis að erfitt er að halda tölu yfir þátttakendur, enda eru þeir í sumum tilvikum að koma og fara meðan á viðburðinum stendur, en auk þess er oft um að ræða ung börn sem koma með foreldrum sínum.

Kostnaður stofnananna vegna viðburða og skólaheimsókna felst að verulegu leyti í föstum launum starfsmanna sem annast undirbúning og umsjón, en í nokkrum tilvikum er um aðkeypta vinnu að ræða. Í sumum tilvikum er tekið lítils háttar gjald fyrir t.d. sumarnámskeið, sem getur verið ríflega fyrir efniskostnaði. Það er því nokkuð flókið að gera viðhlítandi grein fyrir kostnaði við viðburði og skólaheimsóknir og var það því látið liggja á milli hluta.

2 Greining

2.1 Viðburðir skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur

Í júní 2013 hófst skráning vegna viðburða og voru útbúin skráningareyðublöð í því skyni. Yfir sumarið eru skipulagðir viðburðir fyrir börn og unglunga á vegum menningarstofnananna og má þar nefna ritsmíðjur, listasmíðjur og sumarnámskeið, en einnig er nokkuð um slíka viðburði yfir veturinn. Sumir þessara viðburða eru þess eðlis að þátttakendur skrá sig í þá fyrirfram og því liggja fyrir kyngreind gögn ef skráningunni eða upplýsingum úr henni er haldið til haga. Aðrir viðburðir eru opnir og án skráningar og getur þá verið misjafnt hversu auðvelt er að telja þátttakendur.

Aflað var gagna um slíka viðburði frá fjórum stofnunum, Borgarbókasafni Reykjavíkur, Listasafni Reykjavíkur, Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

Um var að ræða 23 viðburði með 424 þátttakendum.

Í greiningu er börnunum skipt í aldurshópa þannig:


- Leikskólastig, 1 til 5 ára.
- Grunnskólastig I, 6 til 9 ára.
- Grunnskólastig II, 10 til 12 ára.
- Grunnskólastig III, 13 til 16 ára.
- Framhaldsskólastig 17 til 18 ára.

² Starfsáætlun Menningar- og ferðamálasviðs 2014, bls. 18
(http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/starfsaaetlun_2014_-_netutgafa.pdf).

Menningar- og ferðamálasvið (MOF) Viðburðir fyrir börn og fjölskyldur júní 2013 til maí 2014	Leikskólastig		Grunnskólastig I (6-9 ára)		Grunnskólastig II (10-12 ára)		Grunnskólastig III (13-16 ára)		Framhaldsskólastig		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Borgarbókasafn	6	6	34	74	35	108	4	3	0	1	79	192
Listasafn	2	3	16	26	13	21	0	3	0	1	31	54
Ljósmyndasafn	0	0	1	7	8	8	4	12	0	0	13	27
Gerðuberg	5	4	3	10	3	2	0	1	0	0	11	17
MOF samtals	13	13	54	117	59	139	8	19	0	2	134	290
MOF %	50%	50%	32%	68%	30%	70%	30%	70%	0%	100%	32%	68%

Skráðir voru fylgdarmenn, sem oftast eru kennarar, og skipuleggjendur, sem geta bæði verið starfsmenn stofnananna, sem sjá um skipulagningu viðburðanna, og leiðbeinendur, sem eru ýmist starfsmenn eða utanaðkomandi.³


Menningar- og ferðamálasvið (MOF) Viðburðir fyrir börn og fjölskyldur júní 2013 til maí 2014	Karlar	Konur	Samtals
Skipuleggjendur	6	21	27
Fylgdarmenn	6	20	26
Samtals	12	41	53
Samtals %	23%	77%	



³ Þegar taldir eru saman hér og framvegis þeir, sem koma að skipulagningu og umsjón viðburða, getur í sumum tilvikum verið um að ræða sama einstakling sem kemur að fleiri en einum viðburði.

Flestir þátttakendanna voru í aldurshópnum „grunnskólastig I“ og „grunnskólastig II“, þ.e. á aldrinum 6-12 ára, 369 þátttakendur. Á „leikskólastigi“ voru skráðir 26 þátttakendur, á „grunnskólastigi III“ (13-16 ára) voru 27 þátttakendur og á „framhaldsskólastigi“ aðeins tveir.

Ef aðeins eru skoðaðir þátttakendur á „grunnskólastigi I og II“, þ.e.a.s. það sem marktækast er, þá breytist niðurstaðan ekki mikið, piltar eru 31% þátttakenda en stúlkur 69%.



Helstu niðurstöður:

- Flestir þátttakendur í viðburðum voru á aldrinum 6-12 ára.
- Kynjahlutfall í þessum aldursflokkum var um 70% stúlkur og 30% drengir.
- Kynjahlutfall þeirra sem komu að umsjón og skipulagningu var 77% konur og 23% karlar.

2.1.1 Greining viðburða eftir stofnunum – Borgarbókasafn Reykjavíkur

Samkvæmt Starfsáætlun Menningar- og ferðamálasviðs 2014 var gert ráð fyrir að í Borgarbókasafni Reykjavíkur yrðu viðburðir fyrir börn og fjölskyldur 42 á árinu 2013 og 45 á árinu 2014.⁴ Inn í þessum tölum eru m.a. viðburðir tengdir fjölskyldumorgnum og „sunnudagar eru barnadagar“. Þessir viðburðir eru oft þess eðlis að erfitt er að halda tölu yfir þátttakendur, enda eru þeir í sumum tilvikum að koma og fara meðan á viðburðinum stendur, en auk þess er oft um að ræða ung börn sem koma með foreldrum sínum.

Til að afla upplýsinga um hversu vel bókasafnið höfðar til drengja og stúlkna þótti því best að einskorða gagnaöflunina við þá atburði sem börnin skrá sig í eða sækja frekar að eigin frumkvæði.

Þeir viðburðir, sem gagna var aflað frá, voru ritsmiðjur og leshringir, þar sem þátttakendur skráðu sig fyrirfram, auk tveggja opinna viðburða á menningarnótt 2013 þar sem þátttakendur voru taldir. Gögn vantar úr einum leshring í nóvember 2013.


Ritsmiðjur, leshringir, viðburðir á menningarnótt.

12 viðburðir með 271 þátttakendum.

Tímalengd samtals um 73 klst.

Að umsjón og skipulagningu þessara viðburða komu 14 einstaklingar, 2 karlar og 12 konur.

Borgarbókasafn Reykjavíkur Allir skráðir viðburðir júní 2013 til maí 2014	Leikskóla- stig		Grunnskóla- stig I (6-9 ára)		Grunnskóla- stig II (10-12 ára)		Grunnskóla- stig III (13-16 ára)		Framhalds- skólastig		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Borgarbókasafn samtals	6	6	34	74	35	108	4	3	0	1	79	192
Borgarbókasafn %	50%	50%	31%	69%	24%	76%	57%	43%	0%	100%	29%	71%



⁴ Starfsáætlun Menningar- og ferðamálasviðs 2014, bls. 25

(http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/starfsaaetlun_2014_-_netutgafa.pdf).


Borgarbókasafnið er eina stofnunin sem getur sérstaklega um viðburði fyrir börn og fjölskyldur í starfsáætlun sinni.

2.1.1.1 Ritsmiðjur

Ritsmiðjur voru í júnímánuði í öllum söfnunum, fjóra til fimm daga, tvo tíma í senn, ætlaðar börnum á aldrinum 8 til 12 ára. Alls voru þátttakendur 93.

Að skipulagningu og umsjón ritsmiðjanna komu tveir karlar og sex konur.

Borgarbókasafn Reykjavíkur Ritsmiðjur sumarið 2013	Grunnskólastig I (6-9 ára)		Grunnskólastig II (10-12 ára)		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Aðalsafn	0	12	1	10	1	22
Ársafn	2	5	0	5	2	10
Kringlusafn	2	3	4	9	6	12
Sólheimasafn	Aldursskipting ekki skráð				1	12
Gerðuberg	2	7	2	4	4	11
Foldasafn	0	0	1	11	1	11
Borgarbókasafn samtals	6	27	8	39	15	78
Borgarbókasafn %	18%	82%	17%	83%	16%	84%




(Varðandi súlurnar merktar Grunnskólastig I og Grunnskólastig II er rétt að hafa í huga að í gögnum frá Sólheimasafni var engin aldursskipting)

2.1.1.2 Leshringir

Skráðar voru upplýsingar um þátttöku í leshringjum í aðalsafni í júní 2013 og Ársafni og Foldasafni í febrúar til mars 2014. Þátttakendur voru samtals 53.

Að skipulagningu og umsjón leshringjanna komu fimm konur.

Borgarbókasafn Reykjavíkur Leshringir júní 2013 til mars 2014	Grunnskólastig II (10-12 ára)		Grunnskólastig III (13-16 ára)		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Aðalsafn	2	10	0	2	2	12
Ársafn	7	16	0	0	7	16
Foldasafn	2	14	0	0	2	14
Borgarbókasafn samtals	11	40	0	2	11	42
Borgarbókasafn %	22%	78%	0%	100%	21%	79%




2.1.1.3 Opnir viðburðir á menningarnótt 2013

Aðrir viðburðir í Borgarbókasafni, þar sem upplýsingar um þátttakendur voru skráðar, voru af öðrum toga, en það voru opnir viðburðir í aðalsafni á menningarnótt, annars vegar ratleikur fyrir alla fjölskylduna og hins vegar opinn hljóðnemi fyrir alla aldurshópa. Börn og unglingar, sem tóku þátt í þessum viðburðum, voru samtals 125.

Í opna hljóðnemanum voru börnin á aldrinum 2-10 ára en ekki aldursgreind nánar. Flest munu þau þó hafa verið á aldrinum 6-9 ára og því færð í aldurshópinn Grunnskólastig I.

Borgarbókasafn Reykjavíkur Opnir viðburðir á menningarnótt 2014	Leikskólastig		Grunnskólastig I (6-9 ára)		Grunnskólastig II (10-12 ára)		Grunnskólastig III (13-16 ára)		Framhaldsskólastig		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Aðalsafn	6	6	28	47	15	17	4	1	0	1	53	72
Borgarbókasafn samtals	6	6	28	47	15	17	4	1	0	1	53	72
Borgarbókasafn %	50%	50%	37%	63%	47%	53%	80%	20%	0%	100%	42%	58%



Helstu niðurstöður:

- Flestir þátttakendur í viðburðum voru á aldrinum 6-12 ára.
- Kynjahlutföll í helstu viðburðum, þ.e. leshringjum og ritsmiðjum, voru 79-84% stúlkur og 16-21% drengir.
- Kynjahlutfall þeirra sem komu að umsjón og skipulagningu var 2 karlar á móti 12 konum.

2.1.2 Greining viðburða eftir stofnunum – Listasafn Reykjavíkur

Í Listasafni Reykjavíkur var aflað gagna frá sex skipulögðum viðburðum fyrir börn og fjölskyldur. Þar af var eitt 12 tíma sumarnámskeið fyrir börn en annars var um að ræða einstaka viðburði, svo sem kynningar, leiðsagnir og örnámskeið með virkri þátttöku barna eða fjölskyldna. Fleiri viðburðir voru sem börn tóku þátt í, en yfirleitt voru þátttakendur ekki skráðir og erfitt um vik að afla kyngreindra gagna frá þeim.


Smiðjur og sumarnámskeið.

Sex viðburðir með 85 þátttakendum.

Tímalengd samtals 21,5 klst.

Að skipulagningu og umsjón þessara viðburða komu 1 karl og 13 konur.

Listasafn Reykjavíkur Viðburðir maí til nóvember 2013	Leikskóla- stig		Grunnskóla- stig I (6-9 ára)		Grunnskóla- stig II (10-12 ára)		Grunnskóla- stig III (13-16 ára)		Framhalds- skólastig		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Sumarnámskeið			4	11		2					4	13
Aðrir viðburðir	2	3	12	15	13	19		3		1	27	41
Listasafn samtals	2	3	16	26	13	21		3		1	31	54
Listasafn %	40%	60%	38%	62%	38%	62%	0%	100%	0%	100%	36%	64%



Helstu niðurstöður:

- Flestir þátttakendur í viðburðum voru á aldrinum 6-12 ára.
- Kynjahlutfall heilt yfir var 64% stúlkur og 36% drengir.
- Kynjahlutfall þeirra sem komu að umsjón og skipulagningu var einn karl á móti 13 konum.

2.1.3 Greining viðburða eftir stofnunum – Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Í Ljósmyndasafni Reykjavíkur var aflað gagna frá fimm sumarnámskeiðum sumarið 2013 sem stóðu 12 til 15 tíma hvert.


Sumarnámskeið í ljósmyndun.

Fimm viðburðir með 40 þátttakendum.

Tímalengd samtals 69 klst.

Að skipulagningu og umsjón þessara viðburða komu fimm karlar og fjórar konur.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur Sumarnámskeið 2013	Grunnskólastig I (6-9 ára)		Grunnskólastig II (10-12 ára)		Grunnskólastig III (13-16 ára)		Samtals	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Ljósmyndasafn samtals	1	7	8	8	4	12	13	27
Ljósmyndasafn %	13%	88%	50%	50%	25%	75%	32,5%	67,5%




Helstu niðurstöður:

- Flestir þátttakendur í viðburðum voru á aldrinum 6-16 ára.
- Kynjahlutfall heilt yfir var 66% stúlkur og 33% drengir en hlutfall kynjanna var jafnt í aldurhópnum 10-12 ára.
- Kynjahlutfall þeirra sem komu að umsjón og skipulagningu var fimm karlar á móti fjórum konum.

2.1.4 Greining viðburða eftir stofnunum – Menningarmiðstöðin Gerðubergi

Í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi voru engir viðburðir þar sem þátttakendur skráðu sig. Gagna var aflað frá einum opnum viðburði, en það var listsmiðja undir nafninu „Ósýnilegur vinur“ sem haldin var sunnudaginn 17. nóvember. Þátttakendur voru 28. Að skipulagningu og umsjón komu alls 14 konur og 4 karlar.

Menningarmiðstöðin Gerðubergi Listsmiðja 17. nóvember	Leikskólastig		Grunnskólastig I (6-9 ára)		Grunnskólastig II (10-12 ára)		Grunnskólastig III (13-16 ára)		Samtals	
			KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Listsmiðja	5	4	3	10	3	2		1	11	17
Gerðuberg %	56%	44%	23%	77%	60%	40%	0%	100%	39%	61%



Helstu niðurstöður:

- Flestir þátttakendur í viðburðum voru frá leikskólastigi og upp í 12 ára.
- Kynjahlutfall heilt yfir var 61% stúlkur og 39% drengir.
- Kynjahlutfall þeirra sem komu að umsjón og skipulagningu var fjórir karlar á móti fjórtán konum.

2.2 Skipulagðar heimsóknir skólabarna

Flest börn og unglingar, sem stofnanir MOF sinna á skiplagðan hátt, koma gegnum samstarf við skólana, einkum leikskóla og grunnskóla. Eins og fyrr segir var áætlað að fjöldi barna og unglunga í skipulögðum heimsóknum yrði 44.400 á árinu 2013 og 46.100 á árinu 2014.⁵ Þar sem kynjahlutfall í þessum heimsóknum ræðst alfarið af hlutfalli kynjanna í skólunum var þýðingarlaust að skrá það. Í stað þess var brugðið á það ráð að gera viðhorfskönnun meðal barnanna sem komu í heimsókn. Við undirbúning hennar var leitað ráða hjá starfsmönnum Skóla- og frístundasviðs.

Útbúin voru eyðublöð með þremur spurningum:

Lærðir þú eitthvað nýtt?
Var gaman?
Viltu koma aftur?

og gefnir þrjú svarmöguleikar, sem voru númeraðir, en í stað talna voru settir broskallar fyrir yngsta stigið (6-9 ára):

Lítið (1 eða ☺)
Hvorki né (2 eða ☹)
Mikið (3 eða ☺)

Elstu börnin, 13 ára og eldri, fengu auk þess spurninguna „Hvað fannst þér best“, sem þau áttu að svara með eigin orðum.

Eyðublöðin voru höfð gul fyrir stúlkurnar en græn fyrir drengina.

	Lítið	Hvorki né	Mikið
Lærðir þú eitthvað nýtt í dag?	1	2	3
Fannst þér gaman?	1	2	3
Langar þig að koma aftur?	1	2	3
Hvað fannst þér best?	<hr/> <hr/>		
 Reykjavíkurborg Menningar- og ferðamálasvið			

⁵ Starfsáætlun Menningar- og ferðamálasviðs 2014, bls. 18
(http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/starfsaaetlun_2014_-_netutgafa.pdf).

Ákveðið var að leggja áherslu á nemendur í grunnskólum, enda spurning hversu marktækt er að leggja slíkar spurningar fyrir börn yngri en sex ára. Þó fengust svör frá 133 börnum á leikskólastigi en mjög fáir framhaldskólanemendur komu í slíkar heimsóknir þannig að einungis fengust 20 svör frá þeim

Í könnuninni fengust alls 2213 svör og skiptust þau þannig:

	Drengir	Stúlkur	Samtals
Leikskólastig	65	68	133
Grunnskólastig I	823	854	1677
Grunnskólastig II	125	114	239
Grunnskólastig III	68	76	144
Framhaldsskólastig	13	7	20
Samtals	1094	1119	2213

Ef tekin eru öll svörin eru hlutfallstölurnar þessar⁶:

Lærðirðu eitthvað nýtt?	Drengir	Stúlkur	Allir
Mikið	67%	74%	70%
Hvorki né	19%	18%	19%
Lítið	14%	8%	11%

Var gaman?	Drengir	Stúlkur	Allir
Mikið	77%	86%	82%
Hvorki né	17%	11%	14%
Lítið	6%	3%	4%

Viltu koma aftur?	Drengir	Stúlkur	Allir
Mikið	73%	85%	79%
Hvorki né	18%	10%	14%
Lítið	9%	5%	7%

Og meðaltalið úr öllum spurningunum þessar:

Allar spurningarnar	Drengir	Stúlkur	Allir
Mikið	72%	82%	77%
Hvorki né	18%	13%	16%
Lítið	10%	5%	7%


Sjá einnig skífurit hér til hliðar. Nánari sundurgreiningu er að finna á skífuritum í Fylgiskjali I.

MOF - Viðhorfskönnun meðal barna í skipulögðum heimsóknum (Sjá töflu neðst á síðunni)

Allir


Allar spurningar meðaltal Piltar

■ Lítið ■ Hvorki né ■ Mikið



Allar spurningar meðaltal Stúlkur

■ Lítið ■ Hvorki né ■ Mikið



⁶ Sjá skífurit í Fylgiskjali I, bls. 2.

Samkvæmt þessu töldu ríflega þrjú af hverjum fjórum, eða 77%, sig hafa haft gagn og/eða ánægju af heimsókninni. Stúlkurnar voru almennt jákvæðari, meðaltal fyrir spurningarnar sýna að 82% svaranna eru jákvæð⁷ hjá þeim á móti 72% hjá drengjunum.

Nokkur munur var á svörunum ef horft er til hvernar spurningar fyrir sig þannig að ánægjan⁸ með heimsóknina var meiri en gagnið sem börnin töldu sig hafa af henni. 82% sögðust hafa haft gaman af henni og 79% vildu koma aftur en heldur færri eða 70% töldu sig hafa lært eitthvað nýtt. Hjá stúlkunum eru svörin jákvæðari við öllum spurningunum og munar 7-12 prósentustigum þegar horft er til svarmöguleikans „mikið“.

Í fylgiskjali I eru skífurit þar sem svörin eru greind nánar niður eftir stofnunum og aldurshópum.

Starfshópurinn hafði ekki gert ráð fyrir að gerð yrði viðhorfskönnun meðal leikskólabarna en þó bárust honum 133 svör og eru þau tekin hér með. Hversu marktæk sem þau eru, þá er áberandi að hjá þessum aldurhópi mælist mest ánægja, þar sem að 83-87% völdu svarið „mikið“ á móti 67-86% hjá öllum. Ánægjan er heldur meiri hjá stúlkunum en munurinn milli kynja er þó miklu minni en hjá öðrum aldurshópum.⁹ Þar sem 88% stúlkna völdu mikið á móti 83% drengja.

Flest svör komu frá aldurshópnum 6-9 ára, samtals 1677 svör eða þrjú fjórðu hlutar allra svaranna. Mynstrið er svipað og þegar allir aldurshópar eru teknir saman og svörin eru heldur jákvæðari við öllum spurningum. Stúlkurnar eru jákvæðari en drengirnir en töluverður munur er hjá báðum kynjum á gagni og ánægju: 92% stúlkanna og 83% drengjanna sögðust hafa haft gaman af heimsókninni en aðeins 77% stúlkanna og 68% drengjanna töldu sig hafa lært eitthvað nýtt.¹⁰

Frá aldurshópnum 10-12 ára komu 239 svör og 144 frá hópnum 13-16 ára. Hér er jákvæðnin áberandi minni, einkum þó hjá eldri hópnum. Innan við helmingur drengjanna kvaðst vilja koma aftur en eftirtektarverður munur er þar á svörunum hjá drengjum og stúlkum 10-12 ára, 71% stúlkanna vildi koma aftur en aðeins 49% drengjanna.¹¹

Hjá aldurshópnum 13-16 ára eru jákvæðu svörin við öllum spurningunum innan við 50% nema rétt ríflega helmingur stúlkanna kvaðst vilja koma aftur. Þar sem þessi hópur gefur aðeins 6,5% af öllum svörunum hafa þau tiltölulega lítil áhrif á niðurstöðurnar frá öllum aldurshópnum saman.¹²

Einungis 20 svör komu frá unglungum á framhaldsskólastigi. Þau svör sýna nokkuð aðra mynd, en þessi hópur heimsótti aðeins Ljósmyndasafnið og verður nánari grein gerð fyrir honum í þeim kafla.

Í flestum tilvikum eru fleiri sem svara „hvorki né“ en „lítið“.

⁷ Þegar hér og framvegis er talað um „jákvætt svar“ er átt við að merkt sé við orðið „mikið“. „Neikvætt svar“ á þá við orðið „lítið“.

⁸ Þegar hér og framvegis er talað um „ánægju“ er átt við spurningarnar „Var gaman?“ og „Viltu koma aftur?“ en orðið „gagn“ vísar til spurningarinnar „Lærðirðu eitthvað nýtt?“.

⁹ Fylgiskjal I, bls. 3.

¹⁰ Fylgiskjal I, bls. 4.

¹¹ Fylgiskjal I, bls. 5.

¹² Fylgiskjal I, bls. 6.


Þar sem aldurshópurinn 6-9 ára er stærstur hjá flestum stofnunum gefur hann helst færi á samanburði milli þeirra. Hér er Ljósmyndasafnið þó undanskilið þar sem enginn úr þessum hópi kom þangað. Í hinum stofnunum komu frá þessum hópi frá 116 svörum (Minjasafnið) upp í 854 svör (Menningarmiðstöðin).

Alls staðar gefa stúlkurnar jákvæðari svör en drengirnir og er munurinn sérstaklega áberandi hjá Minjasafninu varðandi spurningarnar „Var gaman?“ og „Viltu koma aftur?“, en þar er ánægja stúlkanna reyndar mjög mikil eða 95% á móti 68% hjá drengjunum.

Að jafnaði er kynjamunurinn mestur hjá Minjasafninu.

Alls staðar eru færri jákvæð svör við spurningunni „Lærðirðu eitthvað nýtt?“ en hinum spurningunum, börnin upplifðu sem sagt að þau hefðu meiri ánægju en gagn af heimsókninni. Jákvæð svör beggja kynja við spurningunni „Lærðirðu eitthvað nýtt?“ eru fæst hjá Minjasafninu og Borgarbókasafninu og munurinn gagnvart hinum spurningunum tiltölulega meiri en hjá hinum stofnunum.

Að jafnaði eru svörin jákvæðari hjá Listasafninu og Menningarmiðstöðunni en hinum stofnunum.



Helstu niðurstöður:

- Mikill meirihluti gefur jákvæð svör við spurningunum.
- Jákvæðnin minnkar með aldrinum og er um eða undir 50% hjá aldurshópnum 13-16 ára.
- Almennt telja börnin sig hafa meiri ánægju (um 80%) en gagn (70%) af heimsókninni.
- Fleiri stúlkur en drengir gefa jákvæð svör og munar þar um 7-12 prósentustigum.

2.2.1 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Borgarbókasafn Reykjavíkur

Svör komu frá fjórum aldurshópum í Borgarbókasafninu, leikskólastigi (5 ára og yngri), 6-9 ára, 10-12 ára og 13-16 ára, alls 539 svör.¹³

Svör bárust frá einum hópi leikskólabarna. Þar er ánægjan mjög mikil, af 18 börnum eru einungis tveir drengir ekki vissir um hvort þá langar að koma aftur, annars er ánægjan eindregin. Hins vegar er spurning hversu marktæk niðurstaðan er frá svo fáum.

Stærsti aldurshópurinn sem kom var 6-9 ára og frá honum komu 413 svör. Heimsóknir þeirra fólust í safnkynningu með sögustund, þ.e.a.s. farið var með börnunum um safnið, sagt frá því og að lokum var lesin fyrir þau stutt saga.

Svo er að sjá að þau hafi metið gamanið meira en gagnað. 71-74% drengjanna og 84-85% stúlkanna gefa jákvæð svör við spurningunum „Var gaman?“ og „Viltu koma aftur?“, en jákvæð svör við spurningunni „Lærðir þú eitthvað nýtt?“ voru 60% hjá stúlkunum og aðeins 51% hjá drengjunum. Almennt eru svörin jákvæðari hjá stúlkunum og munar þar 9-13 prósentustigum.

Næsta aldurstig, 10-12 ára gaf miklu færri svör, eða 40. Þar var um tvo viðburði að ræða:

Annarsvegar voru 32 börn úr 6. bekk sem komu í desember í Sólheimasafn og hlýddu á kynningu á nýrri bók.¹⁴ Flestum börnunum fannst gaman og vildu koma aftur og er þar ekki marktækur munur á drengjum og stúlkum. Á hinn bóginn mátu þau gagnað af heimsókninni miklu minna, innan við helmingur stúlkanna (8 af 17) taldi sig hafa lært eitthvað nýtt og 60% drengjanna (10 af 15).

Hinsvegar var leshringur í Ársafni, fimm stúlkur og þrjú drengir og nær eindregin ánægja.

Loks komu 68 svör frá unglingum á aldrinum 13-16 ára, en þar var um tvo viðburði að ræða:

Annarsvegar voru 54 unglingar úr 10 bekk sem komu í aðalsafn í desember og hlustuðu á upplestur úr þremur nýjum unglingabókum.¹⁵ Hér er skemmtast frá því að segja að flestum drengjunum þótti þetta hvorki gagnlegt né skemmtilegt. 9 af 24 eða 38% þeirra þótti þeir hafa lært lítið en 7 eða 29% mikið. Þar var útkoman svipuð hjá stúlkunum en að öðru leyti voru þær ánægðari með heimsóknina en drengirnir, helmingi þeirra þótti gaman og vildi koma aftur, en aðeins fjórðungur drengjanna vildi koma aftur og þremur eða 13% þótti gaman en flestum svona hvorki né. Hópurinn fékk tækifæri til að svara spurningunni „Hvað fannst þér best?“, en flest svörin voru um hver bókanna hefði verið best.

Hinsvegar voru 14 unglingar úr 10. bekk í safnkynningu í Foldasafni, 6 drengir og 8 stúlkur. Þar voru drengirnir frekar jákvæðir gagnvart öllu og öllum nema einum fannst gaman og vildu koma aftur. Þarna var ánægjan hins vegar öllu minni hjá stúlkunum og aðeins þremur af átta fannst þær hafa lært eitthvað af þessu. En það er auðvitað spurning hversu marktæk þessi könnun var með einungis 14 svörum. Samt er rétt að geta þess að í svörum við spurningunni „Hvað fannst þér best?“ fannst þremur þeirra best hvað konan, sem annaðist kynningu, hefði verið skemmtileg.

¹³ Fylgiskjal I, bls. 8-12.

¹⁴ Fylgiskjal I, bls. 12.

¹⁵ Fylgiskjal I, bls. 12.

Helstu niðurstöður:

- Flest svörin og þar með marktækust komu frá 6-9 ára börnum úr safnkynningu með sögustund. Það er einkum tvennt sem einkennir svörin:
 - Annarsvegar eru svörin við öllum spurningunum jákvæðari hjá stúlkunum en drengjunum.
 - Hinsvegar mátu börnin það svo að þau hefðu minna gagn en ánægju af heimsókninni.
- Einnig er ástæða til að staldra við svör frá 54 unglíngum í bókmenntakynningu í aðalsafni, þar sem helmingur eða meira töldu sig hvorki hafa haft gagn né gaman af heimsókninni og 79% drengjanna gátu ekki sagt að þeir hefðu haft gaman. Ánægjan var þó talsvert meiri hjá stúlkunum eða 50%.
- Við samanburð milli stofnana á stærsta aldurshópnum, 6-9 ára, eru jákvæð svör heldur færri hjá Borgarbókasafninu en hinum stofnununum. Hvað muninn á svörum kynjanna varðar sker Borgarbókasafnið sig ekki úr en munurinn á svörum um ánægju og gagn af heimsókninni er svipaður og hjá Minjasafninu og tiltölulega meiri en hjá hinum stofnununum (sbr. bls. 17 hér að framan).

2.2.2 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Listasafn Reykjavíkur

Svör komu frá fjórum aldurshópum í Listasafninu, leikskólastigi (5 ára og yngri), 6-9 ára, 10-12 ára og 13-16 ára, alls 552 svör.¹⁶

57 svör komu frá börnum á leikskólastigi, sem komu í heimsókn í Ásmundarsafn, 29 drengjum og 28 stúlkum. Talsverður munur var á svörunum eftir kynjum, hjá drengunum voru jákvæð svör 72-73% en hjá stúlkunum 89-93%. Hins vegar var lítill munur á svörum eftir spurningum.

294 svör komu frá börnum á aldrinu 6-9 ára, sem komu í heimsókn í Ásmundarsafn, 145 drengjum og 149 stúlkum. Hér birtist munur á svörum bæði eftir spurningum og kynjum. Færri jákvæð svör komu við spurningunni „Lærðir þú eitthvað nýtt?“ en hinum spurningunum hjá báðum kynjum, en annars voru svörin jákvæðari hjá stúlkunum, 85-96% jákvæð hjá þeim á móti 73-84% hjá drengjunum.

125 svör komu frá börnum á aldrinum 10-12 ára, tveimur hópum sem komu í Ásmundarsafn og fjórum sem komu á Kjarvalsstaði, 68 drengjum og 57 stúlkum. Hér er myndin nokkuð flóknari. Við spurningunni „Lærðir þú eitthvað nýtt?“ voru 47% svaranna jákvæð hjá drengjunum en 74% hjá stúlkunum og voru fleiri svör frá þeim jákvæð við þeirri spurningu en hinum. Munurinn milli kynjanna var svipaður í svörum við spurningunni „Viltu koma aftur?“, 45% jákvæð hjá drengjunum en 70% hjá stúlkunum. Svörin við spurningunni „Var gaman?“ voru svipuð hjá báðum kynjum, 61-63% jákvæð.

76 svör komu frá unglíngum á aldrinum 13-16 ára, sem komu í Hafnarhús, jafnt frá báðum kynjum. Hér birtist munur á svörum bæði eftir spurningum og kynjum. Öfugt við aldurshópinn sex til níu ára komu hér fleiri jákvæð svör við spurningunni „Lærðir þú eitthvað nýtt?“ en hinum spurningum hjá báðum kynjum, 55% jákvæð hjá drengjunum og 66% hjá stúlkunum. Hins vegar sýndu aðeins 34% drengjanna áhuga á að koma aftur á móti 55% stúlkanna. Og innan við helmingur af báðum kynjum, jafnt hlutfall eða 45%, sögðust hafa haft gaman af heimsókninni

Helstu niðurstöður:

- Svörin voru jákvæðari hjá stúlkunum en drengjunum.
- Svörin voru jákvæðari hjá yngri hópnum (leikskólahópi og 6-9 ára) en hinum eldri.
- Stærsti hópurinn, 6-9 ára (294 svör), mat það svo að hann hefði haft minna gagn en ánægju af heimsókninni. Því var hinsvegar öfugt farið hjá elsta hópnum, 13-16 ára (76 svör).
- Hjá hópnum 10-12 ára var gífurlegur munur milli kynjanna á svörunum um hvort þau hefðu lært eitthvað (stúlkur 74%, drengir 47%) og hvort þau vildu koma aftur (stúlkur 70%, drengir 45%).
- Við samanburð milli stofnana á stærsta aldurhópnum, 6-9 ára, er útkoman svipuð og hjá Menningarmiðstöðinni og betri en hjá Borgarþéttisafninu og Minjasafninu. Hvað muninn á svörum kynjanna og svörum um ánægju og gagn af heimsókninni varðar sker Listasafnið sig ekki úr (sbr. bls. 17 hér að framan).

¹⁶ Fylgiskjal I, bls. 13-16.

2.2.3 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Svör komu frá tveimur aldurshópum í Ljósmyndasafninu, 10-12 ára og framhaldskólastigi, 16-18 ára, alls 94 svör.¹⁷

Hópurinn 10-12 ára kom í safnkynningu og leiðsögn um ljósmyndasýningar. Frá honum fengust 74 svör, 39 frá drengjum og 35 frá stúlkum. Meirihluti stúlnanna (52-69%) var jákvæður gagnvart öllum spurningunum en þó minnst gagnvart spurningunni „Lærðir þú eitthvað nýtt?“, þar sem aðeins 52% svaranna voru jákvæð. Þar voru fleiri jákvæðir meðal drengjanna, 63% en hinsvegar svaraði innan við helmingur þeirra hinum spurningunum jákvætt.

Framhaldsskólanemendurnir komu í starfskynningu. Frá þeim komu aðeins 20 svör, 13 frá piltum og 7 frá stúlkum, þannig að álitamál er hversu marktæk könnunin meðal þeirra er. Svör stúlnanna voru nær 100% jákvæð, aðeins ein svaraði spurningunni „Var gaman?“ með „hvorki né“. 4 piltar af 13 svöruðu þeirri spurningu og spurningunni „Viltu koma aftur“ með „hvorki né“ og einn gaf það svar við spurningunni „Lærðir þú eitthvað nýtt?“.

Helstu niðurstöður:

- Í hópnum 10-12 ára var ekki eindreginn munur á svörum kynjanna heldur fór hann eftir spurningunum:
 - Stúlkurnar voru umtalsvert jákvæðari gagnvart spurningunum um hvort hefði verið gaman og hvort þær vildu koma aftur.
 - Það voru hins vegar fleiri drengir en stúlkur sem sögðust hafa lært eitthvað nýtt.
- Hjá framhaldsskólanemendunum voru svör stúlnanna jákvæðari en piltanna, en spurning er hversu marktæk sú könnun var vegna fámennis.

¹⁷ Fylgiskjal I, bls. 17-18.

2.2.4 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Menningamiðstöðin Gerðubergi

Aðeins einn aldurshópur heimsótti Menningarmiðstöðina í Gerðubergi, 6-9 ára, og komu 854 svör frá honum, 441 frá drengjum og 413 frá stúlkum.¹⁸ Heimsóknirnar fólust í leiðsögn um sýningar í húsinu og um bókasafnið og voru í raun samstarfsverkefni Menningarmiðstöðvarinnar og Borgarbókasafnins.

75% drengjanna og 85% stúlkanna sögðust hafa lært eitthvað nýtt. Börnin mátu ánægjuna meiri en gagnið því að 88% drengjanna og 94% stúlkanna sögðu að það hefði verið gaman og 83% drengjanna og 91% stúlkanna vildu koma aftur. Aðeins þrjár stúlkur eða innan við 1% þeirra og ellefu drengir eða um 2,5% þeirra merktu „lítið“ við spurninguna „Var gaman?“

Helstu niðurstöður:

- Svörin við öllum spurningunum voru jákvæðari hjá stúlkunum en drengjunum.
- Börnin mátu það svo að þau hefðu meiri ánægju en gagn af heimsókninni.
- Við samanburð milli stofnana á þessum aldurhópi, 6-9 ára, er útkoman svipuð og hjá Listasafninu og betri en hjá Borgarbókasafninu og Minjasafninu. Hvað muninn á svörum kynjanna og svörum um ánægju og gagn af heimsókninni sker Menningarmiðstöðin sig ekki úr (sbr. bls. 17 hér að framan).

¹⁸ Fylgiskjal I, bls. 19.

2.2.5 Greining skólaheimsókna eftir stofnunum – Minjasafn Reykjavíkur

Svör komu frá tveimur aldurshópum í Minjasafninu, leikskólastigi (fimm ára og yngri) og sex til níu ára, alls 174 svör.¹⁹

58 svör komu frá börnum á leikskólastigi, 28 drengjum og 30 stúlkum. Hér voru drengirnir ánægðari með heimsóknina en stúlkurnar, fleiri drengjum þótti gaman og allir nema einn vildu koma aftur á meðan að fjórar af stúlkunum höfðu lítinn áhuga á því og ein „hvorki né“. Fjórir drengjanna og sex stúlkanna töldu sig hinsvegar ekki hafa lært mikið og er munurinn milli kynjanna vart marktækur. Í prósentum talið er ánægjan 77-96% og gagnsemin 80-86%.

116 svör komu frá aldurshópnum 6-9 ára. Hér var töluverður munur milli kynjanna, einkum varðandi spurningarnar „Var gaman?“ og „Viltu koma aftur?“, þar sem 95% stúlkanna svaraði með „mikið“ en aðeins 68-72% drengjanna. Talsvert færri gáfu það svar við spurningunni „Lærðir þú eitthvað nýtt?“, 56% drengjanna og 64% stúlkanna.

Helstu niðurstöður:

- Á leikskólastiginu voru drengirnir ánægðari með heimsóknina en stúlkurnar.
- Talsvert fleiri svör komu frá aldurshópnum 6-9 ára. Það er einkum tvennt sem einkennir svörin:
 - Annarsvegar eru svörin við öllum spurningunum jákvæðari hjá stúlkunum en drengjunum og munar einkum miklu hvað varðar ánægjuna af heimsókninni.
 - Hinsvegar mátu börnin það svo að þau hefðu minna gagn en ánægju af heimsókninni.
- Við samanburð milli stofnana á stærsta aldurshópnum, 6-9 ára, eru jákvæð svör heldur færri hjá Minjasafninu en Menningarmiðstöðinni og Listasafninu en aðeins fleiri en hjá Borgarbókasafninu. Meiri munur er milli kynjanna en hjá hinum stofnunum. Munurinn á svörum um ánægju og gagn af heimsókninni er svipaður og hjá Borgarbókasafninu og tiltölulega meiri en hjá hinum stofnunum (sbr. bls. 17 hér að framan).

¹⁹ Fylgiskjal I, bls. 20-21.

3 Niðurstöður og tillögur

3.1 Verkefnið

Það verkefni, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, fólst í að skoða barnamenningu og viðburði fyrir börn og fjölskyldur á menningarstofnunum Reykjavíkurborgar og kanna út frá kynjahlutföllum þátttöku barna og unglinga í þessum viðburðum og/eða upplifun þeirra af þeim og leggja þannig *mat á hvort drengir og stúlkur njóti sömu þjónustu*.

Nánast engin gögn voru aðgengileg þannig að ákveðið var að taka eitt ár í að afla gagna, þ.e. að skrá þátttakendur í viðburðum með tilliti til kynjahlutfalls og gera kyngreinanlega viðhorfskönnun meðal skólabarna sem komu í kynningarheimsóknir.

Starfshópurinn stóð frammi fyrir því að skipulagðri skráningu kyngreinanlegra upplýsinga var ábótavant á Menningar- og ferðamálasviði.

Þar sem verklag hafði ekki verið nógu vel skilgreint þegar farið var í þessa könnun er ljóst að einhverjir viðburðir fóru fram sem ekki voru skráðir en þó er næsta víst að það breytir litlu ef nokkru um þær niðurstöður sem fyrirleggjandi gögn gefa.

Brýnt er að skráningarmál verði skoðuð og úr þeim bætt þar sem þörf er á og settar verklagsreglur um það.

3.2 Meginniðurstöður

Skipulagðir viðburðir fyrir börn, sem athugaðir voru í þessari könnun, voru flestir í formi námskeiða, ritsmíðja og leshringja. Kynjahlutfall meðal þátttakenda var mjög skakkt, yfir sviðið í heild var það að jafnaði um 70% stúlkur og 30% drengir, en allt upp í 79-84% stúlkur í leshringjum og ritsmíðjum Borgarbókasafns.

Kynjahlutfallið var líka mjög skakkt þegar litið er til þeirra sem komu að skipulagningu og umsjón þessara viðburða, yfir sviðið í heild var það að jafnaði 77% konur og 23% karlar. Hér er Ljósmyndasafnið þó undantekning með fimm karla á móti fjórum konum.

Viðhorfskannanir sem gerðar voru meðal skólabarna, sem komu í skipulagðar heimsóknir í stofnanir MOF, sýna að meirihlutinn taldi sig hafa ánægju og/eða gagn af heimsókninni, að jafnaði gáfu 77% barnanna svarið „mikið“ (þ.e. jákvætt svar) við þeim spurningum sem lagðar voru fyrir þau, þ.e. „Lærðir þú eitthvað nýtt?“, „Var gaman?“ og „Viltu koma aftur?“.

Jákvæðnin minnkar eftir því sem börnin eldast.

Yfir heildina voru svör stúlnanna voru jákvæðari en drengjanna. 82% stúlnanna gáfu jákvæð svör og 5% neikvæð svör (svarið „lítið“), en 72% drengjanna gáfu jákvæð svör og 10% neikvæð.

Þessi munur á svörum kynjanna er nokkuð gegnumgangandi þótt greina megi stöku frávik.

Það er því ljóst að viðburðir og kynningar, sem stofnanir MOF eru að bjóða börnum og unglingum upp á, ná betur til stúlkanna en drengjanna, hvort sem litið er til þátttöku eða ánægju.

3.3 Tillögur

Sá kynjamunur sem þarna kemur fram, hvort sem litið er til þátttöku í viðburðum eða viðhorfs gagnvart skólaheimsóknum, verður varla skýrður á einfaldan hátt né lagfærður með einföldum ráðum. Þennan mun verður að skoða í víðara samfélagslegu samhengi og ljóst er að lagfæring á honum er langtímaverkefni.

Starfshópurinn leggur til

- að efni þessarar skýrslu verði tekið til frekari rýningar innan Menningar- og ferðamálasviðs og stofnana þess í samráði við það starfsfólk sem kemur að þjónustu við börn og unglunga og eftir atvikum aðila utan sviðsins, svo sem starfsfólk á Skóla- og frístundasviði, með það fyrir augum að setja fram tillögur og áætlun um úrbætur.
- mikilvægt að skoðað verði tengsl aldurs og áhuga barna í skólaheimsóknum og á viðburðum á vegum Menningar- og ferðamálasviðs.
- að skoðað verði kynjahlutfall á helstu viðburðum, þ.e. leshringjum, smiðjum og námskeiðum. Lagðar verði fram tillögur og áætlun um úrbætur sem höfða til beggja kynja með fjölbreyttum verkefnum fyrir alla aldurshópa.
- að stjórnendur sviðsins og stofnana þess taki til skoðunar hvernig skráningu er háttað á viðburðum fyrir börn og fjölskyldur og á þátttöku í þeim og móti verklagsreglur með það að markmiði að kyngreinanleg gögn verði ávallt aðgengileg.

Reykjavík, 14. ágúst 2014

Eigandi verkefnisins staðfestir með undirskrift sinni að hún hafi lesið skýrsluna og sé meðvituð um næstu skref: